

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

Til sveitarstjórna í Eyjafirði

Grenivík 29. desember 2021.

Varðar: Framtíð og rekstur svæðisskipulags.

Á þingi SSNE síðastliðið vor var rætt um svæðisskipulag og var umræðan á þeim nótum að trúlega væri réttast að leggja skipulagið af. Á fundi nefndarinnar þann 14. des. s.l. var þetta rætt lítillega áfram og fleiri sjónarmið nefnd til sögunnar. T.d. að ef skipulagið yrði lagt niður væri einfaldast að láta það renna sitt skeið, en það gildir til 2024.

Einnig komu fram þau sjónarmið að nefndin væri góður samstarfsvettvangur fyrir sveitarfélög í Eyjafirði og eftirsjá að leggja alveg af. Þá var einnig nefnt, að í burðarliðnum er að gera „haf- og strandsvæðaskipulag“ fyrir Eyjafjörð á næstu árum, þar mætti nýta nefndina sem sameiginlegan vettvang heimamanna í þeirri vinnu.

Nokkuð hefur einnig verið rætt um rekstrarkostnað við nefndina og að mögulega mætti einfalda hana, t.d. með því að fækka í henni og lækka föst laun formanns. Slík aðgerð tekur tíma, gerist með uppfærslu á starfsreglum nefndarinnar. Nýjar starfsreglur þurfa samþykki allra sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar og loks þarf að auglýsa þær í B-deild Stjórnartíðinda til að þær öðlist gildi.

Nú óska ég eftir því fyrir hönd nefndarinnar að málið verði tekið fyrir í öllum sveitarstjórnnum sem fyrst á nýju ári og eftirfarandi tillaga rædd þar;


Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar verði uppfærðar þannig að í stað tveggja manna eigi hvert sveitarfélag einn mann í nefndinni. Laun formanns verði hálf laun formanns í stórrí nefnd/ ráði hjá Akureyrarbæ.

Með samþykki tillögunnar myndi beinn rekstrarkostnaður við nefndina lækka um helming. Nefndin myndi þá samþykkja nýjar starfsreglur á fundi sínum ca. í mars og öll sveitarfélögin staðfesta þær í framhaldinu. Þá ætti að nást að auglýsa reglurnar fyrir kosningar eða um það leyti næsta vor.

Ný nefnd yrði síðan kjörin eftir nýjum starfsreglum eftir kosningar. Nýjar sveitarstjórnir myndu þá taka ákvörðun um framtíð svæðisskipulagsins þegar dregur nær lokum gildistíma þess 2024. Þá verður væntanlega eitthvað farið að gerast í skipulagi haf- og strandsvæða einnig og því betri forsendur til að taka endanlega ákvörðun um framtíð nefndarinnar.

Óski sveitarstjórnir eftir frekari upplýsingum, eða að ég mæti á fund þeirra til umræðu er það velkomið. Gott væri að fá bókanir eða niðurstöður sveitarstjórna sem fyrst eftir afgreiðslu málsins.

F.h. svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar,


Pröstur Friðfinnsson, formaður